

Dags eftirlits	11.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Laxar eignarhaldsfélag ehf	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Laxabraut 9 - 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	621205-1370	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sindri Freyr Jónsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhannes Sigurðsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Öllum eldri frávikum sem vörðuðu umframframleiðslu stöðvarinnar er lokað. Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu.

Tvær ábendingar eru gerðar varðandi uppfærslu á áætlunum og um þrýstimælingu á niðurgrafinni olíulögn eða að færa lögnina upp fyrir yfirborð jarðvegs.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi Laxa eignarhaldsfélags ehf., kt. 621205-1370 að Laxabraut 9 – 11 í Þorlákshöfn. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 4. nóvember 2021 og gildir til 4. nóvember 2037. Lóðirnar eru deiliskipulagðar og gert ráð fyrir seiðaðli á báðum lóðunum. Deiliskipulag lóðarinnar nr. 9 er frá 25. ágúst 2016 en lóðarinnar nr. 11 er frá 18. maí 2022.

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru Sindri Freyr Jónsson fulltrúi rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og mat á stöðu frárennslis við útrás
2. Staða útafstandandi frávíka og athugasemda
3. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
4. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 4. nóvember 2021
5. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Rekstraraðili fór yfir stöðu rekstursins og hefur reksturinn gengið vel. Á síðasta ári var framleiðslumagnið 766 tonn sem er umfram heimildir í eldra starfsleyfi en þar sem nýtt stærra starfsleyfi tók gildi 4. nóvember 2021 sem heimilar allt að 2500 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma þá er frávikinu lokað í þessari skýrslu og öllum frávikum vegna umframframleiðslu sem hafa verið opin frá árunum 2019, 2020 og 2021.

Fóðurnotkun síðasta árs var um 745 tonn og fóðurstuðull 0,98, sjá grænt bókhald fyrir 2021. Alls voru losuð um 6016 kg af fosfór á árinu og losun því 7,8 kg á framleitt tonn sem er í sátt við losunarmörk í starfsleyfi. Krafa um hreinsun í frárennslis er ekki í nýju starfsleyfi nema ekki sé hægt að halda losunarmörkin.

Eldisvatn er tekið úr borholum neðan stöðvar, en notkun er breytileg en getur farið upp í 2500 til 3000 l/s. Ferskvatn er tekið fjær sjó. Alls eru 15 sjóholur neðan stöðvarinnar (Laxabraut 9) en ekki allar í notkun á sama tíma.

Engin óhöpp urðu á síðasta ári í meðferð olíu né hættulegra efna. Engar kvartanir bárust vegna athafna rekstraraðila.

2. Eins og áður segir er nú öllum frávikum vegna umframframleiðslu lokað og stöðin komin með stærra leyfi. Búið var að loka frávikum vegna seinna skila á grænu bókhaldi og ársyfirliti. Eins er rekstraraðili búinn að setja sér umhverfismarkmið og frávikum þar um einnig lokað. Frávik frá 2019 um að ekki sé hreinsun í frárennslis er lokað þar sem ekki er lengur gerð krafa um hreinsun á frárennslisvatni á meðan losunarmörk eru virt.

Mælingar í frárennslisvatni berast nú í takt við kröfur í starfsleyfi og því er frávik þar að lútandi líka lokað. Í núverandi starfsleyfi er krafa um sýnatöku tvisvar á ári bæði í inntaki í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni og eins skal mæla heildarfosfór (P-total) og heildarköfnunarefni (N-total). Fjöldi mælinga er hægt að endurskoða ef áhrif af eldinu er óveruleg.

Samkvæmt þessu eru nú engin eldri frávik opin.

Í eftirliti síðasta árs var farið fram á að rekstraraðili uppfæri áætlun sína um meðferð úrgangs svo hún taki á hugmyndum um aukna endurnýtingu lífniðurbriðtanlegs úrgangs og tímasetningar þeirra skrefa. Áfram er farið fram á afrit af uppfærðri áætlun.

3. Rekstraraðili hefur skilað upplýsingum vegna olíugeyma (neyslu- og húsageyma) og mun stofnunin deila þeim gögnum með heilbrigðisnefnd Suðurlands. Rekstraraðila er bent á að niðurgráfin olíulögn skal vera þrýstiprófuð á fimm ára fresti ellegar þarf að endurleggja hana ofanjarðar.

4. Skoðaðar voru áætlanir sem liggja skulu fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa, neyðaráætlun vegna massadauða, vöktunaráætlun og áætlun um meðferð úrgangs. Áður

hefur komið fram að rekstraraðili vinnur að uppfærslu á áætlun um meðferð úrgangs. Farið er fram á að afrit af uppfærðum áætlunum séu sendar til stofnunarinnar. Það eykur á skýrleika að hafa útgáfunúmer og dagsetningu á áætlunum sem fyrir eiga að liggja í stöðinni.

Næst var farið yfir losunarmörk sem sett eru í starfsleyfinu og kröfur um sýnatökur og mælingar í frárennli stöðvarinnar. Niðurstöður mælinga berast nú til stofnunarinnar.

Skýrslur sem berast skulu til Umhverfisstofnunar eru ársyfirlit, grænt bókhald og útstreymisbókhald. Skiladagur er 1. maí vegna gagna frá árinu á undan. Í reglugerð um grænt bókhald kemur fram að fiskeldi með ársframleiðslu sem er meiri en 200 tonn með fráveitu til sjávar skal skila grænu bókhaldi. Í reglugerð um útstreymisbókhald kemur fram að þar sem framleiðslugeta í þéttbæru lagareldi er 1000 tonn á ári skal skila útstreymisbókhaldi.

Að kröfu reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1998 hefur rekstraraðili sótt um undanþágu frá kröfu um að frárennli stöðvarinnar sé veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Vegna landfræðilegra ástæðna telst ógjörningur að uppfylla þetta ákvæði. Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis hefur samþykkt þessa tilhögun.

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

5. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með fulltrúa rekstraraðila. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

6. Gengið var um stöðina og voru efnageymslur, olíumannvirki/vararafstöðvar og aðstaða við meltugerð skoðuð og ekki gerðar athugasemdir annað en fram er komið með niðurgrafna olíulögn. Eins voru framkvæmdir við sjótökuholur skoðaðar sem og frárennslisútrás og aðstaða til sýnatöku.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar eru gerðar er varða;

1. uppfærslu á áætlunum og
2. þrýstímælingu á niðurgrafinni olíulögn eða að færa lögnina upp fyrir yfirborð jarðvegs.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.11.2022



Gottskálk Friðgeirsson